

Stjórnarfundur Leiknar 13. nóv 2013, kl. 14.30-15.40 hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt í Ofanleiti 2.

Mættir: Hildur Betty Kristjánsdóttir frá Símey, Eyrún Valsdóttir frá Félagsmálaskóla alpýðu, Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Anna Lóa Ólafsdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Iðunn Antonsdóttir frá Námsflokkum Reykjavíkur boðaði forföll, Guðrún Lárusdóttir frá Endurmenntun Landbúnaðarháskólans og Hulda A. Arnljótsdóttir frá Fræðslusetrinu Starfsmennt.

Dagskrá:

Hildur Betty opnar fundinn en tveir fundarmenn voru í símanum. Rifjað var upp að síðasti stjórnarfundur var haldinn á Akureyri í september sl. en eftir það var haldinn fjarvarpaður fræðslufundur sem tókst vel og hluti stjórnar hefur hist á vinnufundum um ýmis mál sem tengjast þróun fullorðinsfræðslu m.a. um íslenska hæfnirammann og almenna starfshæfni.

Fyrsta mál á dagskrá var að ræða **ráðstefnuna sem fyrirhuguð var í janúar** en ný hugmynd er að halda hana samhliða norrænni ráðstefnu á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og NVL fullorðinsfræðslunetinu. Yfirskrift þeirrar ráðstefnu er „Norrænar brýr...“ og er fyrirhugað að halda þá ráðstefnu í Hörpu 10.-11. júní.

Fundarmenn skoðuðu hvort Leikn ætti að tengja sína ráðstefnu við þennan viðburð en fannst yfirskriftin ekki bjóða upp á beina þátttöku heldur frekar að Leikn væri með kynningu eða kynningarbás t.d. í anda „world café“. Skoðaðir voru fleiri möguleikar um málþing/ráðstefnu á vegum Leiknar á árinu og þóttu dagsetningar í kringum aðalfund koma helst til greina. Smári stakk upp á klukkutíma aðalfund rétt fyrir hádegi og svo mat saman og svo ráðstefnan. Ákveðið að hugsa þetta áfram, bæði efnistöð og dagsetningu. Ljóst er að ekki væri verið að halda alþjóðlega ráðstefnu og að ákveða þyrfti hvort ennþá væri verið að vinna með vinnuheitið: Námsmenning á vinnustöðum. Hildur ætlar að heyra í Kvasi um fyrirkomulag aðalfundar og fundarmenn töldu að apríl mánuður væri heppilegastur fyrir aðalfundinn og viðburðinn.

Nordic Baltic félagar koma hingað í janúar á samstarfsfund og það þarf að skipuleggja það. Ísland þarf að skipuleggja fundinn t.d. í tvo dagsparta, eina heimsókn og einn kvöldverð. Hildur ætlar að hafa samband Sturlu og fá hagnýtar upplýsingar og Hulda ætlar að taka frá fundaraðstöðu í BSRB húsinu þegar að dagsetningar liggja fyrir og halda utan um hótélbókanir og allar leiðbeiningar til þátttakenda. Þeir fundarmenn sem ferðast hafa á vegum Leiknar munu skipuleggja þennan samstarfsfund og Hildur ætlar að fá allar hagnýtar upplýsingar frá Sturlu í Noregi og Iðunni fyrrverandi formanni og eftir það verður sett upp framkvæmdaplan.

Hildur sagði að búið væri að **greiða árgjald EAEA**. Hildur er á leið á fund til NVL og ætlar að heyra í þeim fundarmönnum sem tengjast EAEA.

Hagnýt atriði. Netfang Leiknar verður áframsent á Hildi, svo fyrirspurnum verði svarað. Guðrún ætlar að samræma heimilisföng Leiknar og hafa samband við póstin um framtíðarheimili Leiknar, t.d. með því að stofna pósthólf.

Árgjald Leiknar: Reikningar hafa ekki borist félagsmönnum en þeir voru settir af stað í október. Hildog Guðrún með málið og ætla að athuga hvað gerðist hjá bankanum

Íslenski hæfniramminn. Leikn gerði athugasemdir við íslenska hæfnirammann í júní sl. og tók þátt í vinnuhópi til að setja framhaldsfræðslu og fullorðinsfræðslu inn í þrep hæfnirammans. Búið að búa til vinnuskjal sem þarf að þróa enn betur með enn meira samráði. Mörgum álitamálum er enn ósvarað.

Næsti fræðslufundur er fyrirhugaður 19. nóvember kl. 9. Guðrún ætlar að hafa samband við fyrirlesarann sem mun koma frá Vesturlandi og fjalla um menntaáttak á svæðinu m.a. fyrir atvinnuleitendur. Senda þarf út kynningu til allra félagsmanna og ákveða hvaðan fundurinn verður fjarvarpaður. Eyrún tók að sér að hafa samband við Ásmund hjá FA ef fjarsending fer í gegnum hans tölvu. Ákveðið að vera í samband næstu daga til að ganga frá fyrirkomulaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.40

Hulda A. Arnljótsdóttir